

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 184/1991.

**Örnólfur Árnason**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

**Íslenska útvarpsfélaginu hf.**

(Gestur Jónsson hrl.)

Höfundaréttur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1991. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi greiði sér 1.296.284 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1989 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að dómkröfur áfrýjanda verði verulega lækkaðar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Bú áfrýjanda var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 6. mars 1990 og aftur með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 20. apríl 1994. Samkvæmt vottorði skipaðs skiptastjóra í búinu var skiptum lokið 28. júlí 1994 eftir 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Áfrýjandi hafði heimild skiptaréttar til áfrýjunar málsins samkvæmt 115. gr. laga nr. 6/1978, sem þá giltu um gjaldþrotaskipti. Hann hefur því tekið við aðildinni. Samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnda var nafni Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. breytt í Íslenska útvarpsfélagið hf. Heiti málsins er þannig breytt bæði sóknar og varnar megin.

Kröfur stefnda í málinu eru frá tímabilinu 1. nóvember 1987 til 31. desember 1988. Samkvæmt upplýsingum áfrýjanda sjálfs var það aðalstarf hans á þessu tímabili að þýða sjónvarpsefni fyrir stefnda. Starfið vann hann sem verktaki og gerði stefnda reikning fyrir. Verður að meta það svo, að fast viðskiptasamband hafi verið milli

aðila. Áfrýjandi sótti stofnfund og varð einn stofnenda félags þýðenda á Stöð 2, en þá sjónvarpsstöð rak stefndi. Áfrýjandi var þátttakandi í félaginu, allt þar til viðskiptasambandi hans við stefnda var slitið 1. janúar 1989. Af bréfi, sem Björn Baldursson, formaður félagsins, ritaði 28. maí 1987 eftir stofnfundinn, má ráða, að stofnendum þess var kunnugt um, að kvikmyndir voru endursýndar á Stöð 2, án þess að þýðendum væri greitt sérstaklega fyrir það. Áfrýjandi var áskrifandi að sjónvarpsefni stöðvarinnar frá 19. júní 1987, en allir áskrifendur fengu blaðið Sjónvarpsvísi, sem stöðin gaf út. Það er því nægjanlega fram komið, að áfrýjanda mátti vera kunnugt um þessar endursýningar. Hann gerði enga reikninga þeirra vegna, meðan hann var í föstu viðskiptasambandi við stefnda. Mátti honum vera ljóst, að stefndi taldi reikningana vera vegna fullnaðargreiðslna fyrir venjuleg not stöðvarinnar á þýðingum hans.

Þá verður að telja, að það hafi verið almennt kunnugt, að Stöð 2 náði á þessum tíma ekki til alls landsins og hafði samning við önnur sjónvarpsfélög um að endurvarpa sjónvarpsefni stöðvarinnar, um leið og það var sýnt þar. Áfrýjanda mátti vera þetta kunnugt sem öðrum.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður að telja sannað, að greiðslur stefnda til áfrýjanda hafi verið miðaðar við alla þá dreifingu Stöðvar 2 á sjónvarpsefni, sem venjuleg var og almenningi kunnug. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Það athugast, að stefndi hefur ekki gagnáfrýjað máli þessu, og kemur því krafa hans um málskostnað í héraði ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar er kveðið á í dómsorði.

Hjörtur Torfason hæstaréttardómari tekur fram, að hann sé sammála um annað en málskostnað, sem hann telur eiga að falla niður.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Örnólfur Árnason, greiði stefnda, Íslenska út-

varpsfélaginu hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. janúar 1991.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 22. janúar 1991, höfðaði Örnólfur Árnason, kt. 150241-2519, Bræðraborgarstíg 8, Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 22. júní 1989, á hendur Íslenska sjónvarpsfélaginu hf., kt. 500685-0269, Krókhálsi 6, Reykjavík.

Bú stefnanda var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 6. mars 1990, og hefur skiptaráðandi heimilað þrotamanni að halda áfram rekstri málsins á sína ábyrgð og sinn kostnað. Hinn 18. september 1990, þegar fyrst var þingað í málinu eftir uppkvaðningu gjaldþrotaráðs, gekk þrotamaður inn í málið vegna þrotabúsins í samræmi við 115. gr. 1. nr. 6/1978, og breyttist þá heiti málsins í samræmi við breytta aðild sóknar megin.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þrotabúinu skaðabætur og miskabætur, samtals að fjárhæð 1.487.627 kr., með dráttarvöxtum, þ. m. t. vaxtavöxtum, samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, samanber 5. gr. 1. nr. 67/1989, af 1.296.284 kr. frá 1. apríl 1989 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að stefndi verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og til vara, að dómkrafa stefnanda verði lækkuð verulega að mati dómsins. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnda verði dæmdur málskostnaður [...].

Af hálfu stefnda var fallið frá kröfu um frávísun málsins í þinghaldi 15. febrúar 1990.

### *Málsatvik, málsástæður og lagarök.*

Stefndi er hlutafélag, sem hét áður Kapalsjónvarp hf. – Íslenska sjónvarpsfélagið, en nafni félagsins var breytt árið 1989 í Íslenska sjónvarpsfélagið hf. Eftir stofnun félagsins í janúar 1985 gekk það til samstarfs við Íslenska myndverði hf. um rekstur sjónvarpsstöðvarinnar Stöðvar 2.

Hafði Íslenska myndverði hf. í upphafi umsjón með þýðingu og textun á erlendu efni á myndböndum, sem sýnt var á Stöð 2. Stefndi kveður textun myndbanda í víðasta skilningi felast í íslenskun hins talaða orðs eftir prentuðum erlendum texta, sem yfirleitt fylgi myndbandinu, en hinum íslenska texta sé síðan komið þannig fyrir með sérstökum búnaði, að hann sjáist á skjánum á réttum stöðum við sýningu myndbandsins.

Haft var samband við nokkra menn, þ. á m. stefnanda, um að taka að sér íslenskun á erlendu efni. Stofnuðu þýðendur með sér hagsmunafélag 18. maí

1987, Félag þýðenda við Stöð 2, og tók stefnandi nokkurn þátt í störfum þess frá stofnun og þar til hann hætti að starfa fyrir Stöð 2.

Íslenska myndveríð hf. sendi þýðendum við Stöð 2, þ. á m. stefnanda, bréf 29. október 1987 þess efnis, að reikningar skyldu stílaðir á Stöð 2. Eru aðilar málsins sammála um, að 1. nóvember 1987 hafi stofnast samnings-samband milli þeirra, og miðar stefnandi við þá dagsetningu í kröfugerð sinni.

Ekki var gerður skriflegur samningur við stefnanda um endurgjald fyrir verk hans. Stefnandi sendi stefnda reikning fyrir þau verkefni, sem hann vann, og var þóknunin ákveðin í samræmi við gjaldskrá stefnda um sjón-varpsþýðingar. Gjaldskráin var þannig upp byggð, að fyrir hvern texta, sem birtist á skjánum, var greidd ákveðin fjárhæð og ofan á hana álag, ef handrit fylgdi ekki myndinni eða ef efni hennar þótti flókið. Voru reikningarnir jafnan yfirfarnir af hálfu stefnda, áður en þeir voru greiddir.

Stefnandi þýddi sjónvarpsefni í þágu stefnda allar götur til áramóta 1988/1989, en 30. desember 1988 sendi deildarstjóri þýðingadeildar stefnda honum bréf og tjáði honum þar, að stefndi þyrfti ekki á þjónustu hans að halda.

Stefnandi kveðst hafa þýtt um 120 myndir fyrir stefnda og að um mánaðamótin janúar/febrúar (sic, á að vera mars/apríl) 1989 hafi stefndi verið búinn að endursýna samtals 22 af þessum myndum án nokkurrar heimildar.

Stefnandi telur, að þóknun sú, er sér hafi verið greidd fyrir þýðingar sínar, hafi aðeins tekið til einnar birtingar á myndunum, og því skuldi stefndi honum höfundarlaun vegna endursýninga.

Stefnandi reisir skaðabótakröfu sína vegna endurflutningsins á því, að hann sem höfundur textaþýðinga hafi eignarrétt þeirra og eigi því ákvörðunarvald um það, hvort, hvenær og hvernig verk sín koma út fyrir almenningssjónir, og til þess að fá ágóða af verkinu. Sem höfundur eigi hann ákvörðunarvald um birtingu á verkum sínum, bæði að því er varðar fyrstu birtingu og aðrar síðari. Endurbirtingar stefnda á verkum hans hafi verið heimildarlausar og með öllu ólögðar. Sem höfundur eigi hann rétt á þóknun fyrir endurbirtingar stefnda á hugverkum sínum, og þar sem ekki hafi verið leitað heimildar sinnar fyrir birtingu, eigi hann í raun sjálfur ákvörðunarvald um fjárhæð þóknunarinnar. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að í framkvæmd sé það sjónarmið ríkjandi, að fyrir endurútgáfu á verki beri höfundu þóknun, sem nemi 50% af framreiknaðri þóknun fyrir frumbirtingu. Er skaðabótakrafa stefnanda vegna endursýninga stefnda í samræmi við það miðuð við 50% af þóknun fyrir þýðingar samkvæmt gjaldskrá stefnda á sýningardegi á öllum myndum, sem stefnandi hafði þýtt og

endursýndar voru á tímabilinu 1. nóvember 1987 til marsloka 1989. Er höfuðstóll þessa liðar skaðabótakröfunnar 184.512 kr., og vísar stefnandi um útreikninga til dómshjals nr. 10.

Stefnandi krefst auk þess dráttarvaxta af kröfu vegna hverrar endursýningar frá 1. degi næsta mánaðar eftir sýningardag og kveður dráttarvexti þannig reiknaða til 1. febrúar 1989 nema 27.720 kr. Krafa stefnanda tekur, sem fyrr segir, til endursýninga fram í mars 1989, og er dráttarvaxta fyrst krafist af höfuðstól kröfunnar í heild frá 1. apríl 1989.

Stefnandi kveður það hafa komið í ljós, að stefndi hafi framselt öðrum sjónvarpsstöðvum, bæði endurvarpsstöðvum og kapalstöðvum, efni, sem hann hafi þýtt, án þess að heimild sín fyrir birtingu texta hafi legið fyrir og án þess að sér væri greitt fyrir notin.

Stefnandi heldur því fram, að stefnda hafi verið óheimilt að framselja höfundaréttinn án síns samþykkis. Stefndi hafi því brotið gróflega þá reglu höfundaréttar, að höfundur eigi ákvörðunarvald um það, hverjir fari með rétt hans, en sem höfundur eigi hann einkarétt til birtingar á verkum sínum. Þá sé framsal höfundaréttar helsta leið höfundar til þess að gera sér tekjur af hugverki sínu. Stefnandi telur ljóst af framansögðu, að stefnda hafi borið að greiða sér þóknun vegna hins heimildarlausu framsals á réttindum sínum.

Krafa stefnanda er sú, að vegna framsals stefnda á verkum sínum til annarra sjónvarpsstöðva og vegna birtingar þeirra greiði stefndi sér skaðabætur. Fjárhæð skaðabótanna nemi 50% af þóknun fyrir þýðingar, eins og hún var á sýningardegi, samkvæmt gjaldskrá stefnda, á öllum myndum, sem þýddar höfðu verið af stefnanda og sýndar voru á vegum annarra sjónvarpsstöðva á tímabilinu 1. nóvember 1987 til marsloka 1989, hvort sem um var að ræða frumbirtingu eða aðrar síðari. Er höfuðstóll þessa liðar skaðabótakröfunnar 911.722 kr., og vísar stefnandi um útreikninga til dómshjals nr. 9.

Stefnandi krefst auk þess dráttarvaxta af kröfu vegna hverrar sýningar frá 1. degi næsta mánaðar eftir sýningardag og kveður dráttarvexti, þannig reiknaða, til 1. febrúar 1989 nema 163.623 kr. Dráttarvaxta er ekki krafist af öllum höfuðstólum fyrr en frá 1. apríl 1989.

Kröfur sínar reisir stefnandi aðallega á l. nr. 73/1972 um höfundarétt, einkum 1. gr., 3. gr. og 2. mgr. 28. gr., en kröfu um miskabætur á 2. mgr. 56. gr., samanber 7. gr. l. nr. 78/1984. Stefnandi kveður, að samkvæmt því lagaákvæði skuli dæma höfundi miskabætur úr hendi þess, sem raskað hefur rétti hans með ólögmatum hætti. Einnig vísar stefnandi til ákvæða Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum, sem staðfestur var með l. nr. 80/1972, en auk þess til almennra reglna samninga- og kröfuréttar.

Stefndi reisir sýknukröfu aðallega á því, að samningar hafi tekist við stefnanda um textun myndbanda. Þeir samningar hafi veitt stefnda rétt til að endursýna myndböndin og dreifa þeim með hinum íslenska texta til hverra þeirra dreifingaraðila, sem hann var í samstarfi við. Samningar Íslenska myndversins hf. og stefnanda hafi falið í sér sama rétt.

Stefndi vísar til bréfs, sem Björn Baldursson, þáverandi formaður Félags þýðenda við Stöð 2, ritaði fyrir hönd félagsins 28. maí 1987 og sendi Íslenska myndverinu hf. Í bréfinu sé það notað sem rökstuðningur fyrir hækkun á launum þýðenda, að þeir fái ekkert greitt fyrir endursýningar.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þær greiðslur, sem inntar séu af hendi til þeirra, sem vinni við textun á sjónvarpsstöðvum hérlendis, feli ætíð í sér ótakmarkaðan rétt til endursýninga. Sama eigi við um textun kvikmynda fyrir kvikmyndahús og myndbandaútgáfur. Þannig geri gjaldskrá Ríkisútvarpsins nú ekki ráð fyrir sérstökum greiðslum fyrir endursýningar til þeirra, sem annist textun. Dagskrá Stöðvar 2 hafi alla tíð verið þannig upp byggð, að flest myndbönd séu endursýnd einu sinni eða oftari, og hafi það verið yfirlýst stefna fyrirtækisins frá stofnun þess. Það sé þannig aðalregla, en ekki undantekning, að efni sé endursýnt. Þá hafi stefnanda sem áskrifanda að efni Stöðvar 2 frá því í júní 1987 og þar af leiðandi áskrifanda að Sjónvarpsvísi, þar sem upplýsingar um endursýningar hafi margoft birst, mátt vera kunnugt um stefnu stefnda varðandi endursýningar. Því er haldið fram, að efni með þýðingum stefnanda hafi ekki verið framselt til endurvarpsstöðva og kapalstöðva. Aðeins sé um minni rekstrareiningar að ræða, sem dreifi efni Stöðvar 2, en ekki hafi verið um raunverulegt framsal að ræða.

Þá hafi stefnandi framselt stefnda rétt til endursýninga og dreifingar á efninu gegn greiðslu, sem hann hafi fyrir löngu móttengið, og er vísað til 1. mgr. 41. gr. 1. nr. 73/1972 í því sambandi.

Auk þess er því haldið fram af hálfu stefnda, að hver sem réttur stefnanda til aukinnar greiðslu hafi verið, hafi hann augljóslega fyrirgert þeim rétti með aðgerðaleysi.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að endurskoðun af sinni hálfu hafi leitt í ljós, að stefnandi hafi í mörgum tilvikum áskilið sér mun hærri greiðslur fyrir vinnu sína en umsaminn texti gerði ráð fyrir. Jafnvel þótt stefndi kynni að hafa átt einhvern rétt til frekari greiðslna, hafi hann þegar gert reikninga fyrir störf sín og fengið þá greidda, og kröfugerð hans nú sé bersýnilega ósanngjörn og algjörlega órökstudd. Þá er kröfugerð stefnanda mótmælt sem tölulega rangri.

Um lagarök vísar stefndi m. a. til almennra reglna samninga- og kaupa-

laga, einnig til höfundalaga nr. 73/1972, útvarpslaga nr. 68/1985 og reglugerða nr. 511 og 512 frá 1986.

Í þinghaldi 12. nóvember 1990 lét lögmaður stefnda bóka eftirfarandi: „Stefnandi tekur fram, að hann byggir á því, að málshöfðunarfræstur í 36. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 leiði til þess, að kröfur vegna sýninga, sem fram fóru meira en 6 mánuðum fyrir málshöfðunina, komi ekki til álita í málinu. Þá skýri stefndi sýknukröfu sína nánar þannig, að hann geti ekki verið skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda vegna dreifingar á þýddu efni hjá öðrum lögpersónum, ef slíku sé til að dreifa, kröfunni beri þá að beina gegn þeim lögpersónum.“

Lögmaður stefnanda lét í sama þinghaldi bóka, „að hann telji, að í fram komnum yfirlýsingum stefnda felist nýjar málsástæður, sem ekki hafi áður verið byggt á í málinu, og er því mótmælt, að þær fái komist að, enda of seint fram bornar“.

Stefnandi telur 3. mgr. 36. gr. l. nr. 68/1985 aðeins eiga við um málshöfðanir, vegna þess að farið hefði verið út fyrir mörk tjáningarfrelsis. Ákvæðið væri samhljóða 3. mgr. 23. gr. eldri útvarpslaga nr. 19/1971, en í athugasemdum við lagafrumvarpið komi fram, að um fyrningarákvæði 23. gr. hefði m. a. verið höfð hliðsjón af 29. gr. alm. hgl.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Í máli þessu eru hafðar uppi kröfur um skaðabætur og miskabætur vegna ætlaðra brota gegn höfundarétti. Fallast má á með stefnanda, að ákvæði 3. mgr. 36. gr. l. nr. 68/1985 taki ekki til þessarar málshöfðunar.

Ágreiningur er með aðilum um, hvernig eigi að túlka réttarsamband það, sem þeir eru sammála um, að hafi komist á í byrjun nóvember 1987. Viðskiptin voru með þeim hætti, að stefnandi fékk afhent myndbönd með erlendu efni og íslenskaði texta þeirra. Stefnandi gaf síðan út reikninga fyrir verk sín í samræmi við gjaldskrá stefnda. Viðskipti aðila voru beint framhald af viðskiptum stefnanda og Íslenska myndversins hf. Ekki hefur verið sýnt fram á, að munnlegir eða skriflegir samningar hafi verið gerðir milli málsaðila um þessi viðskipti. Þau samningsdrög, sem lögð hafa verið fram á dóm skjali nr. 26 og stafa frá Íslenska myndverinu hf., verða ekki lögð til grundvallar um réttarsamband málsaðila, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að byggt hafi verið á þeim í viðskiptum aðila þessa máls.

Í munnlegum málflutningi féll talsmaður stefnda frá þeirri málsástæðu, að verk stefnanda nyti ekki verndar höfundalaga.

Í máli þessu þarf að skera úr um, hversu víðtækar heimildir stefndi hafði til að nota þýðingar stefnanda og ráðstafa þeim.

Fram er komið í málinu, að stefndi hefur ekki greitt höfundum þýðinga viðbótargreiðslur vegna endursýninga. Stefndi þykir hins vegar ekki hafa sannað, að greiðslur til þeirra, sem vinna við þýðingar fyrir sjónvarpsstöðvar, kvikmyndahús og myndbandaútgáfur hérlendis, feli ætíð í sér ótakmarkaðan rétt til endursýninga.

Af hálfu stefnda hafa verið lögð fram í málinu ljósrit af úrklippum úr fjölmörgum tölublöðum mánaðarritsins Sjónvarpsvísis, sem birtir dagskrá Stöðvar 2, frá því í september 1987 og fram í nóvember 1988 og einnig ljósrit af úrklippum úr dagblöðum frá því í júní 1986 og fram í júní 1988. Þessi dómskjöl þykja sýna, að það var yfirlýst stefna stefnda að endursýna sjónvarpsefni a. m. k. einu sinni til tvisvar.

Í aðilaskýrslu fyrir dómi bar stefnandi, að um mitt ár 1988 hefði sér fyrst verið kunnugt um, að Stöð 2 endursýndi myndir. Þá bar stefnandi, að hann hefði ekki verið áskrifandi að Stöð 2 fyrr en á árinu 1988 og ekki haft undir höndum Sjónvarpsvísi.

Eftir að stefnandi gaf skýrslu sína, var af hálfu stefnda lagt fram í málinu ljósrit af samningi stefnanda við stefnda um áskrift að áskriftarsjónvarpi ÍSF/Stöðvar 2 frá 19. júní 1987 að telja. Með því að stefnandi hefur ekki haldið því fram, að áskriftin hafi fallið niður, verður lagt til grundvallar í málinu, að stefnandi hafi verið áskrifandi að Stöð 2 og fengið sent fyrrnefnt blað á tímabilinu nóvember 1987 til desember 1988.

Með því að stefndi hefur sýnt fram á, hver var yfirlýst stefna sjónvarpsstöðvarinnar um endursýningar á sjónvarpsefni allt frá því í september 1987 og stefnanda var sú stefna kunn frá því á miðju ári 1988, en mátti sem áskrifanda að Stöð 2 vera hún kunn, allt frá því er viðskipti málsaðila hófust, þykir stefnandi eiga að bera hallann af því, að hann tók við greiðslum fyrir verk sín án þess að gera þann fyrirvara í reikningum sínum, að hin áskilda þóknun tæki aðeins til einnar birtingar.

Björn Baldursson, er ritaði fyrrnefnt bréf á dómskjali nr. 12, bar fyrir dómi, að bréfið hefði verið samið á stofnfundi Félags þýðenda við Stöð 2 og að stefnandi hefði sótt þann fund. Þau ummæli í bréfinu, að þýðendur á Stöð 2 fengu ekkert fyrir endursýningar, þykja benda til þess, að það hafi verið skilningur félagsmanna, að greiðslur frá Stöð 2 tækju einnig til endursýninga. Ekki hefur verið sýnt fram á, að nein breyting hafi orðið á skipan mála að þessu leyti við það, að stefndi gerðist viðsemjandi stefnanda í stað Íslenska myndversins hf., og þykja ummælin í bréfinu því styðja framangreinda niðurstöðu.

Óumdeilt er í málinu, að sjónvarpsefni með þýðingum stefnanda var sent út frá sjónvarpsstöð stefnda í Reykjavík til sjónvarpsáhorfenda á þjónustu-



svæðum stefnda, Eyfirska sjónvarpsfélagsins hf., Austfirska sjónvarpsfélagsins hf., Sjónvarpsfélags Neshrepps, Sjónvarps Ólafsfjarðar og Villa Árna sjónvarps, Ólafsvík. Allir fyrrgreindir aðilar höfðu á því tímabili, sem hér um ræðir, leyfi útvarpsréttarnefndar til sjónvarpsútsendinga á afmörkuðum þjónustusvæðum. Samkvæmt samningum stefnda við Eyfirska sjónvarpsfélagið hf. og Austfirska sjónvarpsfélagið hf., sem lagðir hafa verið fram í málinu, skuldbundu þessir aðilar sig til að taka á móti allri dagskrá stefnda og dreifa henni á sínum þjónustusvæðum. Hvor þessara aðila sá um að selja áskrift á sínu þjónustusvæði, en greiddi stefnda mánaðarlega ákveðið hlutfall áskriftargjalda. Samningar stefnda og annarra fyrrnefndra sjónvarpsréttarhafa hafa ekki verið lagðir fram, en lagt verður til grundvallar, að samningssamband þeirra og stefnda hafi verið með sama hætti og að ofan greinir.

Gegn mótmælum stefnanda verður ekki fullyrt, að hann hafi vitað um samstarf stefnda og sjálfstæðra sjónvarpsréttarhafa um dreifingu á sjónvarpssendingum Stöðvar 2. Stefnandi bar hins vegar í aðilaskýrslu fyrir dómi, að í árslok 1988 hefði hann talið, að Stöð 2 væri nánast eins og Ríkisútvarpið, að hún næðist eða næðist ekki úti um landsbyggðina. Þá hefur af hálfu stefnanda verið haldið fram, að Stöð 2 hafi verið auglýst sem ein sjónvarpsstöð og hann talið, að dreifing sjónvarpsefnisins um landið væri einönglu á vegum stefnda.

Úrklippur úr tímaritinu Sjónvarpsvísi og dagblöðum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, um starfsemi Stöðvar 2 á því tímabili, sem hér um ræðir, þykja sýna, að töluverð umfjöllun var í fjölmiðlum um fyrirkomulag á dreifingu efnis Stöðvar 2. Mátti stefndi gera ráð fyrir, að stefnandi vissi um fyrirkomulag á dreifingu þess sjónvarpsefnis, sem hann hafði þýtt.

Af framburði stefnanda fyrir dómi má ráða, að hann hafi dregið að gera frekari fjárkröfur á hendur stefnda, vegna þess að honum hafi verið ljóst, að þá fengi hann ekki frekari verkefni hjá stefnda. Stefnanda var þannig ljóst, að stefndi var ekki reiðubúinn til að greiða hærri þóknun fyrir þýðingar stefnanda en gjaldskrá stefnda mælti fyrir um.

Ekki er um það deilt, að stefnda hafi verið heimilt að fénýta verk stefnanda með því að senda hið þýdda sjónvarpsefni út til áskrifenda Stöðvar 2. Stefnandi hefur ekki borið fyrir sig, að fleiri sjónvarpsáhorfendur hafi átt þess kost að sjá það efni, sem hann þýddi, en hann hafði gert ráð fyrir. Með hliðsjón af því og þrátt fyrir það að stefnandi hafi ekki vitað annað en dreifikerfi Stöðvar 2 væri allt í eigu stefnda, þykir stefndi ekki hafa farið út fyrir heimild sína til að fénýta verk stefnanda með því að semja við staðbundnar sjónvarpsstöðvar um að dreifa efninu um þjónustusvæði sín samtímis því, sem það var sent út í Reykjavík.

Með hliðsjón af öllu framansögðu þykir eðlilegast að skýra réttarsamband aðila þannig, að greiðslur þær, sem stefndi innti af hendi til stefnanda fyrir þýðingar á sjónvarpsefni, hafi veitt stefnda heimild til notkunar á þeim í venjulegri starfsemi sinni, þar á meðal til endursýninga á sjónvarpsefninu og til að dreifa sjónvarpsútsendingum innan lands, þ. m. t. í samvinnu við sjálfstæða dreifingaraðila.

Samkvæmt framansögðu skortir grundvöll undir skaðabóta- og miskabótakröfu stefnanda, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Með vísan til 178. gr. I. nr. 85/1936 þykir þó rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Sigurður T. Magnússon, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslenska sjónvarpsfélagið hf., skal sýkn af kröfum stefnanda, Örnólfs Árnasonar, vegna þrotabús Örnólfs Árnasonar.

Málskostnaður fellur niður.

---